

Reykjavík, 30. mars 2018

Alþingi, nefndasvið
Austurstræti 8 - 10 150 REYKJAVÍK

Efni: Umsögn Gunnars Hrafns Birgissonar - tillaga til þingsályktunar um bætta stjórnarsýslu í umgengnismálum - 90. mál.

Ég er sjálfstætt starfandi klínískur sálfræðingur og forstöðumaður fyrir Sálfræðiráðgjöf háskólanema við sálfræðideild HÍ. Var annar tveggja sálfræðinga sem störfuðu að fjölskyldusáttameðferð í forsjár- og umgengnisdeilum foreldra við sérfræðiráðgjöf sýslumannsembætta á árunum 2000 til 2013. Ég hef einnig starfað í fjölda forsjármála fyrir dómstólum, ýmist sem dómkvaddur matsmaður, sérfróður meðdómsmaður eða sáttamaður, og sinnt fjölskyldusáttameðferð á sálfræðistofu.

Ég vil byrja á að þakka flutningsmönnum á Alþingi fyrir þingsályktunartillöguna um bætta þjónustu við deilandi foreldra og börn þeirra. Mikilvægi málsins er ótvírætt því við vitum að langvarandi deilur foreldra eru á meðal sterkustu álagsþátta sem leiða mjög gjarnan til sálmeina hjá börnum og ungmennum.

Við fyrirhugaða breytingu á barnalögum er brýnt, tel ég, að horft verði betur en gert hefur verið til aðferða sem skilað hafa góðum árangri við sáttameðferð í forsjár- og umgengnisdeilum. Athuganir sýna að árangur í sáttameðferð bæði hjá sýslumannsembættum á suðvesturlandi 2000-2013ⁱ og fyrir Héraðsdómi Reykjaness á árunum 2002-2005 með *Hafnarfjarðarleiðinni*ⁱⁱ var á bilinu 85-90%, sem jafngildir því sem best gerist á heimsmælikvarða. Hraði málsmeðferðar var þarna mun meiri en nú tíðkast.

Mikilvægt er í þessu efni sem öðru að byggja á reynslu sem gefist hefur vel. Þrátt fyrir að það hafi alls ekki verið tilgangur með breytingum á barnalögum árið 2013 þá virðist mér sem ýmislegt gagnlegt hafi glatast eftir breytinguna. Það á bæði við um málsmeðferð hjá sýslumannsembættum og hjá dómstólum. Takmarkað hefur verið byggt á þeim aðferðum sem skiluðu svo góðum árangri og frekar valið að fara aðrar leiðir. Ef þið alþingismenn sem um málið fjallið hafið ekki þegar kynnt ykkur þá sáttameðferð sem fór fram á árunum 2000 til 2013 þá hvet ég ykkur til að gera það.

Með virðingu og vinsemd,
Gunnar Hrafn Birgisson

ⁱ Gunnar Hrafn Birgisson (2016). Fjölskyldusáttameðferð í deilum foreldra um börn. Í Andri Steinþór Björnsson, Guðfinna Eydal og Katrín Kristjánsdóttir (ritstj.), *Af sál: Greinasafn handa Álfheiði Steinþórsdóttur sálfræðingi*, (bls. 171-200). Reykjavík: Háskólaútgáfan.

ⁱⁱ Jónas Jóhannsson (2016). Hafnarfjarðarleiðin - Um samspil lögfræði og sálfræði við úrlausn forsjármála. Í Andri Steinþór Björnsson, Guðfinna Eydal og Katrín Kristjánsdóttir (ritstj.), *Af sál: Greinasafn handa Álfheiði Steinþórsdóttur sálfræðingi* (bls. 201-212). Reykjavík: Háskólaútgáfan.